



486.fundur Þingvallanefndar  
Mánudagur 14 júní 2021  
Kl.11.30 Fjarfundur um tölvu.

Mættir: : *Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Páll Magnússon og Hanna Katrín Friðriksson. Karl Gauti Hjaltason mætti ekki á fund. Einnig sátu fundinn Þjóðgarðsvörður Einar Á. E Sæmundsen og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð þessa.*

Formaður setur fund kl 11:32

Dagskrá:

1. Sumarbústaðarmál

Erindi frá Skipulags og byggingarsviði Uppsveitanna um stækkun sumarhúss við Valhallarstíg Nyðri. 9 Hanna Katrín vikur af fundi klukkan 11:52 vegna tengsla við eigendur Valhallarstígs Nyðri. 9

Þjóðgarðsvörður kynnir fyrir nefndinni forsögu málsins. Þjóðgarðsverði og lögmanni Þingvallanefndar falið að hafa samband við byggingarfulltrúa í Bláskógabyggð. Umsókn um stækkun í núverandi umsókn hafnað.

Forkaupsréttur og framsal lóðaleiguréttinda að Efristíg 2.  
Þingvallanefnd hafnar forkaupsrétti á Efristíg 2 og heimilar framsal lóðaleiguréttinda.

2. Niðurstaða í útboði á verslunar og þjónustu í þjóðgarðinum.

Þjóðgarðsvörður segir frá ferli útboðs og niðurstöðu.

3. Önnur mál

Nefndin ræðir dagsetningar til að hittast á raunfundi á Þingvöllum

Fundi slitið klukkan 12:13